



Fjárfestingarstofan

## MINNISBLAÐ

### *Erlendir sérfræðingar-rýmkun löggjafar.*

#### **Inngangur.**

Á síðastliðnum áratug hefur Ísland breyst úr hefðbundnu iðnaðarsamfélagi í hátækni- og þjónustusamfélag. Framtíðarvöxtur atvinnulífsins mun að öllum líkindum verða í þekkingariðnaði, hátækni, fjármálastarfssemi, nýtingu umhverfisvænnar orku og sölu á tækniþekkingu henni tengdri. Í þessum atvinnugreinum er heimurinn allur undir og því verður umfangið og vinnuafleiðingin fyrst og fremst háð þeim vexti sem fyrirtæki landsins skapa á hverjum tíma.

Breytingar þessar sjást á öllum sviðum atvinnulífsins;

Fjármálastarfssemi er í fyrsta skipti í sögunni orðin þýðingarmeiri fyrir íslenskt efnahagslíf en fiskiðnaður.

Hlutfall erlendra starfsmanna hefur aukist úr 4% í yfir 8% á síðustu þremur árum.

Eftirspurn eftir erlendum sérfræðingum til starfa í íslenskum fyrirtækjum, vex hröðum skrefum.

#### **Aukin þörf fyrir erlenda sérfræðinga.**

Þar sem eftirspurn eftir erlendu háskólaþólki heldur áfram að aukast heyrast nú æ háværarari raddir frá atvinnulífinu um að erfitt sé að fá fólk með tiltekna þekkingu til landsins, komi það frá löndum utan EES. Bent er á að enginn greinarmunur sé gerður á því hvert tilefni dvalarinnar sé og í raun séu hagsmunir fyrirtækjanna fyrir borð bornir við þessar aðstæður þar sem sérfræðiþekking þessa fólks sé fyrirtækjunum nauðsynleg í þeirri alþjóðlegu samkeppni sem þau glíma við á degi hverjum.

Starfsmenn Fjárfestingarstofu hafa skynjað vaxandi áhuga erlendra fyrirtækja á Íslandi og þá sérstaklega í atvinnugreinum sem byggja á samtengingu orku og hátækni (netþjónabú, framleiðsla á polysilicon ofl.)

Áhyggjur þessara fyrirtækja beinast einatt að þeirri staðreynd að vinnumarkaður hér er lítill og framboð af sérhæfðri þekkingu í því magni sem nauðsynlegt er til að starfrækja rekstur af þessu tagi, þar af leiðandi takmarkað.

Þó unnt sé að benda á frítt flæði fólks á EES svæðinu dugar það skammt þegar fyrirtækið þarf á fólki að halda frá USA, Kanada, Ástralíu eða Indlandi, svo dæmi sé tekið.

Vandamálið er sem betur fer nýtt af nálinni, þannig að ekki hefur hlotist skaði af svo neinu nemur fram til þessa.

#### **Núverandi staða**

Lýsa má núverandi stöðu með eftifarandi staðhæfingum:

-Skv. lauslegri könnun Fjárfestingarstofu voru 9 af þeim 15 fyrirtækjum sem haft var samband við, í þörf fyrir fleira háskólamenntað erlent starfsfólk.

-Samtök atvinnulífsins kvarta yfir úreltri löggjöf í tengslum við erlenda sérfræðinga og

---

**www.invest.is**

Fjárfestingarstofan – Invest in Iceland Agency – Borgartúni 35, 105 Reykjavík  
Sími: 5615200 – Fax: 5114040 – Netfang: info@invest.is



Fjárfestingarstofan

óska eftir einföldun, samræmingu, sérmeðhöndlun og flýtimeðferð fyrir umsóknir, fyrir erlent háskólamenntað fólk sem beðið hefur verið að koma til landsins og vinna hér.

-Rýnihóparannsókn sem unnin var af Capacent hf. að frumkvæði Fjárfestingarstofu (sjá meðf.) sýnir með ótvíræðum hætti að þörf er fyrir stóraukið framboð á íslensku-kennslu þar sem hæfni á því sviði er lykilatriði í aðlögun þeirra að samfélaginu (að þeirra eigin áliti byggt á reynslu af samskiptum við land og þjóð).

-Rýnihóparannsóknin bendir einnig á þörfina fyrir heildræna aðstoð við að nálgast grunnþjónustu í byrjun (kennitölu, læknisþjónustu, leikskólavistun osfrv). Bent er á að aðkoman að stjórnsýslunni sé flókin (Útlendingastofnun, Vinnumálastofnun, Þjóðskrá, stéttarfélög, skattstjóri osfrv.)

-Skattfríðindi á borð við það sem þekkist í helstu samkeppnislöndum okkar fyrir fólk af þessu tagi, er lykilatriði.

-Á nýlegri ráðstefnu sem haldin var að frumkvæði Fjárfestingarstofu, kom fram hjá Hildi Dungal framkvæmdastjóra Útlendingastofnunar að nágrannaríki okkar Danmörk og Noregur hafi farið út í nákvæma greiningu á þörfum atvinnulífsins og þau störf sem brýnast er að manna með erlendum sérfræðingum hverju sinni. Þá hafa Bretar og Hollendingar, ásamt Dönnum búið til flýtleið fyrir þá sem geta sýnt fram á að þeir hafi gengið frá starfssamningi sem hljóði upp á tiltekin mánaðarlaun að lágmarki.

### **Tillögur og næstu skref.**

Aðgengi að erlendu vinnuafli, einkum háskólamenntuðu fólki er einn af þýðingarmestu samkeppnisþáttum okkar þegar til næstu framtíðar er horft. Lítil vinnumarkaður og takmarkað aðgengi að erlendum sérfræðingum, er jafnframt ein helsta samkeppnishindrunin, einkum þegar horft er til þess að flest atvinnu-og fjárfestingartækifæri, innlend sem erlend, verða í hátækniðnaði, fjármálastarfsemi og grænni stjóriðju á borð við netþjónabú.

Lagt er til að gerð verði úttekt á fyrirkomulagi þessara mála í nágrannalöndum okkar og helstu samkeppnislöndum (Norðurlönd, USA, Kanada Bretland, Holland).

Gerðar verði nauðsynlegar breytingar á núverandi löggjöf með hliðsjón af þeim niðurstöðum sem út úr könnun þessari koma og þeim markmiðum sem ríkisstjórnin telur æskilegt að séu við lýði í þessum efnum.

f.h. Fjárfestingarstofu  
Þórður H. Hilmarsson

---

**www.invest.is**

**Fjárfestingarstofan – Invest in Iceland Agency – Borgartúni 35, 105 Reykjavík**  
**Sími: 5615200 – Fax: 5114040 – Netfang: info@invest.is**